

Áveitusamþykkt

fyrir Flóaáveitufjelagið.

Flóaáveitufjelagið hefir samkvæmt lögum nr. 68, 14. nóvember 1917 gjört eftirfarandi áveitusamþykkt.

1. gr.

Nafn fjelagsins er Flóaáveitufjelagið og er það stofnað samkvæmt lögum nr. 68 frá 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

2. gr.

Fjelagsmenn eru allir þeir, sem eiga jörð eða jarðarpart, er Flóaáveitan nær til, og er fyrst um sinn ákveðið, að það sju þessar jarðir:

I. Í Hraungerðishreppi:

Hraungerði með öllum hjáleigum, Lækur, Bár, Arnarstaðir, Krókur með Krókskoti, Tún, Sölfholt, Glóra, Laugardælur með öllum hjáleigum, Stóra Ármót, Litla Ármót, Halakot, Langholt, Hallandi, Langholtspartur, Oddgeirshólar, Höfði, Austurkot, Ölvaðsholt, Laugar, Stóru Reykir, Litlu Reykir.

II. Í Villingaholtshreppi:

Hróarsholt með hjáleigunum Miðhús og Gráklettur, Kambur, Flaga, Krókur, Súluholt, Súluholtshjáleiga, Hákot, Kolsholt, Kolsholtshellir, Jaðarkot, Villingaholt, Skúflækur, Syðri Gróf, Efri Gróf, Mjósund, Forsæti, Gafi, Mýrar, Saurbær, Vatnsholt.

III. Í Gaulverjabæjarhreppi:

Loftsstaðir eystri, Loftsstaðir vestri, Tunga, Gaulverjabær með öllum hjáleigum, Hellur eystri, Hellur vestri, Haugur, Gerðar, Arnarhóll, Syðri Gegnishólar, Hólshús, Gegnishólapartur, Efri Gegnishólar, Klængssel, Austur-Meðalholt, Mið-Meðalholt, Meðalholtahjáleiga, Rútsstaðir, Brenna, Norðurhjáleiga, Suðurhjáleiga, Seljatunga, Sviðugarðar, Vorsabær, Vorsabæjarhóll, Vorsabæjarhjáleiga, Efrivöllur, Vallarhjáleiga, Syðrivöllur, Galtastaðir, Hamar, Hamarshjáleiga.

IV. Í Stokkseyrarhreppi:

Stokkseyri með öllum hjáleigum, Skip, Baugsstaðir, Hólar, Leiðólfsstaðir, Hæringsstaðir, Hæringsstaðakot, Lölukot, Gljácot, Oddagarðar, Brú, Holt, Breiðumýrarholt, Tóttir, Brattsholt, Brattsholtshjáleiga, Borgarholt, Keldnakot, Traðarholt, Kotleysa, Grjótlækur, Ranakot, Hraunhlaða, Mið-Kökkur, Syðsti-Kökkur, Kakkarhjáleiga, Ásgautsstaðir, Syðrasel, Efrasel.

V. Í Eyrarbakkahreppi:

128

Óseyrarnes, Einarshöfn, Skúmsstaðir, Stóra Háeyri með öllum hjáleigum, Stóra Hraun, Litla Hraun, Gamla Hraun, Stöðlakot, Stjettar, Fok, Hafliðakot, Borg. 30. apríl

VI. Í Sandvíkurhreppi:

Stóra Sandvík, Stekkar, Litla Sandvík, Eyði Sandvík, Geirakot, Björk, Bygðarhorn, Jórvík, Votmúli, Ásakot, Norðurkot, Austurkot, Selfoss, Smjörðalir, Haugakot, Nýibær, Norðurkot, Disastaðir, Kaldaðarnes með öllum hjáleigum, Kálfhagi, Lambastaðir, Flóagafi, Gerðiskot, Þórðarkot, Hallskot.

Nú verður síðar ákveðið með lögmati fundarsamþykkt í fjelaginu, að áveitan skuli ná til fleiri eða færri jarða, en hjer voru greindar, og breytist þá tala fjelagsmanna samkvæmt því.

3. gr.

Lögmatir fjelagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum fjelagsins, innan þeirra takmarka, sem sett eru með landslögum, þar á meðal sjerstaklega með greindum lögum um áveitu á Flóann og með samþykkt þessari.

4. gr.

Til fjelagsfunda skal stjórn áveitufjelagsins boða með þriggja vikna fyrirvara, og skal fundarboðið auglýst í öllum hreppum áveitusvæðisins á sama hátt og auglýstir eru lögmatir sveitarfundir. Auk þess skulu fundir boðaðir með auglýsingum í bladi eða blöðum eftir því sem fjelagsstjórnin telur þurfa. Dagskrá fyrir fundinn skal getið í fundarboði.

5. gr.

Fjelagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sjer fundarskrifara. Fundarstjóri skal í fundarbyrjun rannsaka, hvort löglega hefir verið til fundarins boðað; hann sker úr öllu, sem snertir lögmati fundarins, form umræðanna, meðferð málanna á fundinum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

6. gr.

Í sjerstaka gerðabók skal rita allar fundarályktanir, og stutta skýrslu um annað, er gerist á fjelagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði, og undirskrifa þær fundarstjóri og fundarritari og stjórnendur þeir, sem voru á fundinum. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er fram hefir farið á fundinum.

7. gr.

Allir fjelagsmenn hafa jafnan atkvæðisrjett á fjelagsfundum. Þeir fjelagsmenn, sem eiga heima utan áveitusvæðisins, geta gefið öðrum umboð til að mæta á fjelagsfundum fyrir sína hönd og greiða þar atkvæði.

Löglegir umráðamenn þeirra áveitujarða, sem eru eign landssjóðs, kirkjujarðasjóðs eða opinberra sjóða, hafa atkvæðisrjett svo sem væru þeir jarðeigendur.

8. gr.

Aðalfundur áveitufjelagsins skal haldinn fyrir miðjan febrúarmánuð ár hvert. Þar skulu þessi mál tekin fyrir:

- a. Stjórn fjelagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
- b. Endurskoðaðir reikningar fyrir hið liðna ár lagðir fram, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum stjórnarinnar og tillögum til úrskurða frá endurskoðendum. Reikningarnir skulu svo úrskurðaðir á fundinum, nema úrskurði sje frestað vegna vantandi upplýsinga, en þó má ekki fresta úrskurði lengur en til næsta aðalfundar.
- c. Lögð fram áætlun frá fjelagsstjórninni um tekjur og gjöld fjelagsins á hinu nýbyrðjaða ári, rædd og samþykkt með þeim breytingum, sem fundurinn kann að gera á henni.
- d. Kosnir skriflega þrír menn í stjórn fjelagsins.
- e. Kosnir þrír varamenn í stjórn fjelagsins.
- f. Kosnir tveir endurskoðendur fjelagsreikninganna.
- g. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál er áveituna varða.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar fjelagsstjórninni þykir ástæða til, eða $\frac{1}{4}$ fjelagsmanna óskar þess. Á aukafundum verður að eins tekin ákvörðun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema fundurinn samþykki annað með $\frac{5}{6}$ greiddra atkvæða.

10. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fjelagsfundum. Þó verða eigi breytingar gerðar á samþykkt þessari, nema $\frac{3}{4}$ fundarmanna á lögætum fjelagsfundi greiði atkvæði með þeim, og öðlist breytingarnar staðfestingu stjórnarráðsins.

11. gr.

Stjórn fjelagsins skal skipuð 3 fjelagsmönnum, sem búsettir eru innan þeirra hreppa, sem áveitan nær til, og skal hún kosin á aðalfundi áveitufjelagsins til eins árs í senn. Einnig skulu þá og kosnir 3 varamenn til jafnlangs tíma, og ganga þeir í stað stjórnenda í forföllum þeirra og við ákvarðanir um mál, sem snerta hagsmuni stjórnendanna sjerstaklega.

Mann, sem gengur úr stjórninni, má endurkjósa svo oft sem vera skal. Þó er enginn, sem verið hefir 1 ár eða lengur í stjórninni skyldur til að taka móti kosningu í hana að nýju, fyr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefir verið í henni samfleytt síðast.

12. gr.

Stjórnin kys sjer formann, svo og varaformann úr hópi varastjórnenda, og skiftir með sjer verkum að öðru leyti, og ákveður jafnframt, með hve löngum fyrirvara og hvernig boða skuli til stjórnarfundu. Stjórnarfundum stýrir formaður eða varaformaður í forföllum hans. Ræður afl atkvæða og hefir fundarstjóri atkvæðisrjett og neytir hans sem aðrir fundarmenn. Engin ákvörðun er gild, nema samþykkt sje með atkvæðum tveggja stjórnenda, eða varastjórnenda í forföllum þeirra. Það sem gjörist á stjórnarfundum, skal bóka í gjörðabók fjelagsins, og ritar stjórnin undir.

13. gr.

Stjórnin ræður öllum fjelagsmálum milli fundu, með takmörkunum þeim, sem leiða af landslögum og samþykkt þessari. Stjórnin getur skuldbundið fjelagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett eignir fjelagsins.

Undirskrift allra stjórnenda í sameiningu er skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum.

14. gr.

Áveitufjelagsstjórnin annast með tilstyrk landsstjórnarinnar lántöku þá, sem þarf til þess að koma áveitufyrirtækinu í framkvæmd, sbr. 7. gr. áður nefndra laga um áveitu á Flóann. Hún útvegar tryggingar þær fyrir láninu eða fyrir ábyrgð landssjóðs, sem ræðir um í sömu grein laganna, og krefst eigarnáms landssjóði til handa á jörðum þeirra jarðeigenda á áveitusvæðinu, sem eigi vilja taka þátt í áveitunni, eða kostnaði þeim, er af henni leiðir, eftir löglegan undirbúning, sbr. 17. gr. nefndra laga. Fjelagsstjórnin skal og vera í ráðum með landsstjórninni um undirbúning og framkvæmd áveitugerðarinnar, samkvæmt 14. gr. sömu laga. Jafnskjótt og aðalverkinu er lokið, jafnar fjelagssjórnin áveitukostnaðinum (stofnkostnaðinum) á jarðir þær, er hlut eiga að máli, samkvæmt 6. gr. oftnefndra laga.

15. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal, þá er áveitan er orðin nothæf, með samþykki landsstjórnarinnar ráða umsjónarmann fyrir áveituna. Segir hann fyrir um notkun vatnsins og sjer um framkvæmd á viðhaldi mannvirkja áveitunnar.

16. gr.

Umsjónarmaður skal á hverju vori byrja að veita vatni á svo fljótt, sem stjórn áveitufjelagsins telur fært. Hann ræður hvernig vatninu er skift milli jarðanna á áveitusvæðinu, en skal kappkosta að haga vatnsveitunni þannig, að sem jöfnust verði not áveitunnar um allt áveitusvæðið. Á haustum og veturnum skal umsjónarmaður veita á eftir því sem stjórn áveitufjelagsins ákveður, en þó einungis á þær jarðir, er búendur þeirra óska eftir haust- eða vetraráveitu.

28

30. apríl

17. gr.

Enginn má án vitundar og samþykkis umsjónarmanns setja stíflur í vatnsfarvegi þá, sem áveitufjelagið hefir kostað, nje taka stíflur úr þeim, nje breyta slíkum stíflum, og ekki heldur gera neina röskun á hliðargörðum, flóðgáttarlokum nje öðrum mannvirkjum með fram vatnsfarvegnum, sem getur haft áhrif á renslí vatnsins í farveginum eða áhrif á það, hve mikið vatn rennur út úr farveginum.

18. gr.

Sjerhver búandi er skyldur til, án sjerstaks endurgjalds, að leggja til eftir ákvörðun umsjónarmanns þá vinnu, sem útheimtist til að setja stíflur eða taka burt stíflur svo sem þarf til þess að veita vatninu úr vatnsfarvegi áveitufjelagsins inn á land búanda, eða til að minka eða stöðva það renslí.

19. gr.

Umsjónarmaður annast viðhald áveitunnar þannig, að hann lætur tafarlaust gera við allar smærri bilanir og við þær bilanir, sem að hans áliti ekki þola bið, en til meiri háttar aðgerðar skal hann leita samþykkis áveitufjelagsstjórnarinnar, ef tími vinst til.

20. gr.

Umsjónarmaður skal hafa eftirlit með því, að jarðeigendur og búendur áveitujarðanna fullnægi skyldum þeim um flóðgardagerð og viðhald flóðgarða á jörðum sínum, sem áður nefnd lög um áveitu á Flóann, 15. og 16. gr. leggja þeim á herðar, og tilkynna stjórn áveitufjelagsins skriflega, ef undandráttur á sjer stað í því efni.

21. gr.

Kaup umsjónarmanns og allur kostnaður, sem leiðir af umsjón og viðhaldi áveitunnar, greiðist úr sjóði áveitufjelagsins. Launakjör umsjónarmanns og ráðningatími, uppsagnarfrestur og annað, er hjer að lýtur, skal ákveðið í ráðningarsamningi, sem fjelagsstjórnin gerir við hann. Heimilt er fjelagsstjórninni að setja nánari ákvarðanir um skyldur umsjónarmanns í erindisbrjefi, þó svo, að ekki komi í bága við ákvæði 15. til 20. greinar þessarar samþykta.

22. gr.

Stjórn áveitufjelagsins skal fyrir 1. október ár hvert gera áætlun um viðhalds- og umsjónarkostnað áveitunnar yfirstandandi ár. Með umsjónarkostnaði telst þóknun til fjelagsstjórnar og endurskoðenda. Við samning áætlunar þessarar skal fara eftir því, hve mikill kostnaðurinn hefir orðið það sem af er árinu, og áætla um þau útgjöld, sem vænta má að falli á það sem eftir er ársins. Heimilt er og að taka á áætlun tekjuhalla, sem kann að hafa orðið á síðasta ársreikningi.

Kostnaðinum öllum, eins og hann verður talinn í áætluninni, jafnar fjelagsstjórn- **28**
in síðan niður á jarðir þær, sem áveitan nær til, eftir þeim mælikvarða, sem **30. apríl**
greinir í 9. gr., sbr. 8. gr., laga um áveitu á Flóann. Skal fjelagsstjórnin gera
skrá yfir gjöld þessi, svo og yfir afborganir þær og vexti af áveituláninu, sem
hverri einstakri jörð ber að greiða eftir ítölu hennar í stofnkostnaði áveitunnar.
Eftir gjaldskrá þessari skal fjelagsstjórnin innheimta gjöldin í heild sinni hjá jarð-
eigendum fyrir 1. nóvember.

23. gr.

Ársreikning áveitunnar skal fjelagsstjórnin hafa gert upp og sent með
fylgiskjöllum til endurskoðenda tveim vikum fyrir aðalfund.

Fjelagsstjórnin fær borgun fyrir starf sitt eftir reikningi, sem liggur undir
úrskurð aðalfundar. Hið sama er um borgun til endurskoðenda.

Reikningsár áveitufjelagsins er almanaksárið.

24. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt, að slíta fjelaginu, og fer þá um tillögur
þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari.

25. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, alt að 400 kr., og renna sektir
í sjóð áveitufjelagsins.

26. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hjer með samkvæmt framangreindum lögum og
öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 30. apríl 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson,